

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um umhverfisáhrif búvörusamninga.

Frá Svandísi Svavarsdóttur.

1. Í hverju felast umhverfisáhrif nýrra búvörusamninga?
2. Stuðla búvörusamningarnir að því að loftslagsmarkmiðum Parísarsamkomulagsins frá árinu 2015 verði náð og þá með hvaða hætti?
3. Var beitt aðferðum vistsporsmælinga við mat á umhverfisáhrifum og umhverfismarkmiðum búvörusamninganna eða öðrum viðurkenndum aðferðum á því sviði og þá hvaða aðferðum?
4. Hvaða gögn liggja til grundvallar markmiðum um sjálfbæra landnýtingu í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, hvað fela þau í sér, hvernig er ætlunin að fylgja þeim eftir og hvernig verður upplýsingum um sjálfbæra framleiðslu sauðfjárafurða komið á framfæri við neytendur?
5. Hvaða þýðingu mun ákvörðun um sérstakan svæðisbundinn stuðning við framleiðslu sauðfjárafurða skv. 8. gr. samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar hafa á loftslags- sjónarmið og landnýtingarsjónarmið og hvernig verður þeim markmiðum fylgt eftir?

Skriflegt svar óskast.